

## Desember

1. desember byrjum við að syngja jólalögin.

6. desember fara tveir elstu árgangarnir í heimsókn í Selfosskirkju. Starfsfólk kirkjunnar tekur á móti okkur og spjallar, les jafnvel sögu og við syngjum nokkur lög.

7. desember er rauður dagur. Þá klæðumst við rauðu og förum í söngstund með Hlynskógum og Sólbakka.

Einnig verður jólaglugginn okkar opnaður.

9. desember bökum við piparkökur, namm, namm.....

12. desember má setja skóinn út í glugga því Stekkjarstaur kemur þá nótt.

13. desember fer elsti árgangurinn að ná í jólatré í skógin. Við þurfum auðvitað jólatré fyrir jólaballið okkar ☺

14. desember íþróttir í lðu kl 10. Við förum í íþróttahúsið og fáum að leika okkur í góðu rými. Þann dag verða börnin að vera í gammósíum eða leggings innan undir því mikilvægt er að öll séu berfætt í salnum.

15. desember kl 10 verður jólaballið okkar. Þá klæðum við okkur upp og dönsum í kringum jólatréð, kannski koma skemmtilegir karlar í heimsókn!!??. Vegna plássleysis verður ballið eingöngu fyrir börn og starfsfólk. Þennan dag fáum hátíðarmat í hádeginu.

20. desember er jólasveinahúfudagur og við fáum jólakaffi í síðdegishressingunni.

### Afmælisbarn mánaðarins:

Lára Sif 4 ára 12. desember

